



27. stjórnarfundur LH 14. maí 2018 kl. 20:00 á Skype

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Helga B. Helgadóttir ritari, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn og Rúnar Bragason, Sóley Margeirsdóttir og Stefán G. Ármannsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Eyþór Gíslason, Ingimar Ingimarsson og Magnús Benediktsson.

1. **Fundargerð 26. fundar.**
Frestað til næsta fundar.
2. **Beiðni frá GDLH að LH greiði fyrir eftirlitsdómara á LM.**
LH vísar málinu til LM til afgreiðslu.
3. **Styrkur til Léttis vegna Æskan og hesturinn.**
Samþykkt að styrkja Æskuna og hestinn í Reykjavík og á Akureyri um sömu upphæð og á síðasta ári.
4. **Skógarhóla skýrsla og samningur.**
Samþykkt að ganga til samninga við Árna og Bergdísi sem hafa verið staðarhaldarar síðustu 2 ár. Varaformaður skrifar undir í fjarveru formanns.
Fylgja þarf eftir viðhaldsverkefnum sem JDB og HBH unnu að með Sæmundi.
5. **Vorfundur stjórnar LH**
Haukur mun bjóða heim að Austurási 7. júní nk.
6. **Önnur mál**
 - a) Félagaskiptabeiðni frá ungum félaga sem vill skipta um félag á grundvelli búsetu, samþykkt samhljóða, enda skv. lögum og reglum LH.
 - b) Nokkur atriði sem skrifstofa þarf að klára á næstu vikum.
 - a. Þingskjöl frá síðasta Landsþingi, sem þarf nauðsynlega að klára sem fyrst, vegna þings í haust.
 - b. Heimasíðu verður að klára að virkja, vantar t.d. fundargerðir, afreksstefnu og fleiri atriði.
 - c) Fyrirspurn var send á dómarafélögin og Járningamannafélagið í september 2017, ekki enn borist svör. Stjórn verulega óánægð með slæleg viðbrögð.

Til kynningar og bókunar

A) Styrkur frá Reykjavíkurborg 500.000 vegna Miðbæjarreiðar
Fögnum styrknum og góðu samstarfi.

B) Styrkur frá afreksjóði
Styrkur frá ÍSÍ 3.650.000,- kr vegna 2018. Hilda, Helga og Jóna fóru á fund með Andra og Örvari



hjá ÍSÍ í dag vegna úthlutunarfyrirkomulags. Breytt fyrirkomulag varðandi úthlutunarreglur styrkja til sérsambanda.

*Fleira ekki fært til bókar. Fundi slitið kl. 21:00.
Fundargerð ritaði Helga B. Helgadóttir*